

Mánudaginn 7. desember 1942.

Kærumálið nr. 4/1942. Kaupfélag verkamanna á Akureyri

gegn

Verkamannafélagi Akureyrar og verkakvennafélaginu „Eining“ á Akureyri.

Horfið frá endurupptöku máls fyrir héraðsdómi.

Dómur hæstaréttar.

Úrskurð þann, sem kærður er, hefur Sigurður Eggerz, bæjarfógeti á Akureyri, kveðið upp. Er úrskurðurinn hingað kominn 4. þ. m. með bréfi héraðsdómarans, dags. 11. nóv. þ. á. Í bréfi 19. okt. þ. á. hefur kærandi krafizt þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur, og í bréfi 29. s. m. hafa varnaraðiljar lýst yfir, að þeir féllu frá kröfum um endurupptöku máls þessa, er í úrskurðinum getur. Loks hefur hvor aðilja krafizt málskostnaðar úr hendi hins.

Með því að aðilja verður að telja sammála um það, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, þá ber að taka þá kröfu til greina. Eftir atvikum þykir rétt að fella málskostnað fyrir báðum dómum niður.

Það athugast, að atvikalýsingu í hinum kærða úrskurði er mjög áfátt, sbr. 1. málsg. 193. gr. laga nr. 85/1936.

Því dæmist rétt vera:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Málskostnaður fyrir báðum dómum fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Akureyrar 12. október 1942.

Með því að upplýst er, að stefndur í málinu: „Erlingur Friðjónsson f. h. Kaupfélags verkamanna gegn stjórnnum Verkamannafélags Akureyrar og Verkakvennafélagsins „Einingar“ sagði brezka setuliðinu upp húsnaðinu í því skyni að kippa kaupsamningnum í lag, eins og ákveðið er í dómi undirréttarins 7. júní 1941, og með því að enn er upplýst, að setuliðið, þegar á átti að herða, vildi eigi fara úr húsinu, enda situr enn í því, og þar sem hér var um herráðstöfun að ræða, sem eigi virðist hafa verið á valdi áður

nefnds stefnda að breyta, þá þykir rétt að verða við kröfunni um endurupptöku málsins.

Málskostnaður fellur niður.

Því úrskurðast:

Það ber að endurupptaka málið.

Miðvikudaginn 9. desember 1942.

Nr. 83/1942. **Valdstjórnin** (Einar Ásmundsson)
gegn

Halldóri Björnssyni (Sigurgeir Sigurjónsson).

Brot gegn lögum um iðju og iðnað.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó svo, að sekt kærða verði 100 krónur, og komi í stað hennar 7 daga varðhald, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 200 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður, þó svo, að sekt kærða, Halldórs Björnssonar, verði 100 krónur, og komi 7 daga varðhald í stað hennar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars Ásmundssonar og Sigurgeirs Sigurjónssonar, 200 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.